

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Vestmannaeyja nr. 31
2. febrúar 1982.

1. málsgrein 3. gr. orðist þannig:

Fyrir afnot vatnsins skal greiða samkvæmt vatnsmæli kr. 6,45 fyrir hvern rúmmetra vatns.

1. málsgrein 4. gr. orðist þannig:

Greiðsla fyrir vatn, sem afgreitt er til skipa og báta í Vestmannaeyjahöfn, skal vera kr. 12,90 fyrir hvern rúmmetra vatns. Einnig skal greiða í afgreiðslugjald kr. 130,00 ef vatnið er afgreitt á virkum dögum kl. 8—17, en kr. 260,00 ef afgreiðsla fer fram á öðrum tímum.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1983.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUGERÐ

um gatnagerðargjöld á Selfossi.

I. KAFLI

Gatnagerðargjöld A.

Þátttaka lóðarhafa í kostnaði við að gera undirbyggða götu með tilheyrandi lögum.

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóðum á Selfossi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu lágmarksgjald reiknað af 450 m ³	5,00%
Sama rými umfram 550 m ³	7,00%
Bifreiðageymslur á einbýlishúsalóðum	2,50%
Raðhús og tvíbýlishús	2,50%
Fjölbýlishús	1,50%
Iðnaðarhús í skálabyggingum á einni hæð stærra en 2000 m ³ + kr. 9,60 pr. m ² lóðar .	1,75%
Sama, stærð undir 2000 m ³ + 9,60 pr. m ² lóðar	2,00%
Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús	3,00%
Opinberar byggingar	5,00%
Annað húsnæði	4,00%